

Flutningsmaður tillögu: Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir

Breytingartillögur eru yfirstrikaðar í gulu.

20. grein

Rétt til setu á Skátapingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

[...]

20. grein verður:

Rétt til setu á Skátapingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og skal minnst eitt atkvæði bundið einstakling 25 ára eða yngri.

[...]

20. grein rökstuðningur:

Skátarnir eru ungmennahreyfing með yfirsett markmið að styðja við og efla ungmennalýðræði. Um þetta markmið er t.d. fjallað í stefnu BÍS til ársins 2025. Þessi lagabreyting er til þess að tryggja aðgengi ungra skáta að Skátapingi og þar með efla þátttöku þeirra í lýðræðislegum ferlum innan skátanna. Þetta abstrakt aldursviðmið sem tekið er fyrir hér fyrir ofan gerir lítið annað en að hefta aðgengi skáta á ákveðnum aldri að þessum lýðræðislegu ferlum. Breytingin er til þess gerð að opna Skátaping enn frekar fyrir ungu fólki og jafnframt tryggja að þátttaka ungs fólks sé höfð í hávegum á þinginu.